



Eftirlit með snyrtivörum

*–Eftirlit með merkingum og
innihaldsefnum öskudags- og
hrekkjavökulita*



Formáli

Mikilvægt er að tryggja að öskudags- og hrekkjavökulitir sem og aðrar snyrtivörur á markaði séu öruggar og uppfylli kröfur reglugerðar um snyrtivörur nr. 577/2013 og reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1223/2009 sem íslenska reglugerðinni innleiddi hér á landi. Einkum er mikilvægt að ganga úr skugga um að slíkir litir innihaldi eingöngu leyfileg efni og umbúðir þeirra séu rétt merktar í ljósi þess að þeir eru að stórum hluta markaðssettir fyrir börn.

Ákveðnar kröfur gilda um merkingar umbúða og takmarkanir gilda um ákveðin efni samkvæmt reglugerð ESB. Dæmi um þetta er að eftir skoðun vísindanefndar Evrópusambandsins um neytendavörur voru fimm gerðir parabena bannaðar í snyrtivörum árið 2014 og má ekki selja vörur sem innihalda eitt eða fleiri þessara efna frá og með 30. júlí 2015. Um er að ræða isopropylparaben, isobutylparaben, phenylparaben, benzylparaben og pentylparaben. Annað dæmi er að ef snyrtivara inniheldur talkúm mega börn yngri en 3ja ára ekki nota vöruna og skal merkja hana með þeim hætti.

Með þessu verkefni sinnir stofnunin einu af hlutverki sínu skv. efnalögum, nr. 61/2013, sem er að hafa eftirlit með markaðssetningu efna og efnablanda sem falla undir lögin.



1. Tilgangur og markmið

- Að skoða merkingar og innihaldslýsingu á umbúðum öskudags- og hrekkjavökulita hjá birgjum og söluaðilum í þeim tilgangi að athuga hvort slíkar vörur uppfylli kröfur og takmarkanir gildandi reglugerða um snyrtivörur og breytinga á þeim. Um er að ræða vörur á borð við húðliti og farða, lituð hársprey og hárliti.
- Að ganga úr skugga um að öskudags- og hrekkjavökulitir séu skráðir í snyrtivöruvefgátt ESB (CPNP vefgáttina)
- Að fræða birgja og söluaðila um reglugerðir sem gilda um snyrtivörur og kröfur um merkingar og takmarkanir um innihaldsefni.
- Að auka neytendavernd.

2. Framkvæmd

Útbúinn var listi yfir fyrirtæki sem flytja inn snyrtivörur sem ætla má að séu fyrir öskudag- og/eða hrekkjavöku út frá upplýsingum frá Tollstjóra fyrir árið 2014 og á heimasíðum fyrirtækjanna. Í töflunni hér fyrir neðan er listi yfir þessi fyrirtæki, alls 7 talsins, og eru 5 þeirra með verslun. Einn birgir er staðsettur á Akureyri og hinir sex í Reykjavík. Einnig var farið í þá verslun sem er talin hafa mesta hlutdeild á markaði að undanskildum birgjum, á tveimur stöðum á landinu.

Eftirlitsferðirnar fóru fram á tímabilinu 9. - 18. febrúar 2015. Heilbrigðiseftirlit á viðkomandi svæðum var upplýst um verkefnið og markmið þess í tölvupósti.

Birgjar	Verslanir
Egilsson ehf. (verslun: A4), Reykjavík	Hagkaup hf. Skeifunni, Reykjavík
Hókus pókus ehf., Reykjavík	Hagkaup hf. Akureyri
Ísey ehf., Reykjavík	
Afbragðs ehf. (verslun: Partýbúðin), Reykjavík	
Penninn ehf., Reykjavík	
Sport Hero ehf., Reykjavík	
Toys R Us ehf. Akureyri	

Í eftirliti var afhent bréf og kvittun fyrir eftirlitinu. Í bréfinu var skýrt frá verkefninu, umfangi þess og hlutverki Umhverfisstofnunar skv. efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 577/2013 og (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur. Einnig var í bréfinu upplýst um að samantektarskýrsla um eftirlitsverkefnið verði birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Hjá hverju fyrirtæki voru stikkprufur af öskudags- og hrekkjavökulitum skoðaðar. Við val á stikkprufum var miðað við að velja þrjá til fimm liti/afbrigði úr hverri vörulínu innan vörumerkis, metið hverju sinni út frá fjölda vara og fjölbreytileika. Ljósmyndir voru teknar af umbúðum stikkprufa og öllum merkingum.

Við skoðun merkinga var athugað hvort þær uppfylltu 3 gr. reglugerðar nr. 577/2013 og 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009. Einnig var farið yfir efnin í innihaldslýsingu m.t.t. til viðauka reglugerðar Evrópusambandsins og athugað hvort einhver þeirra eru á bannlista (viðauka II) eða hvort takmarkanir gilda um þau eða kröfur um ákveðnar merkingar skv. öðrum viðaukum reglugerðarinnar. Hér á eftir eru skyldubundnar merkingar taldar upp:

- Geymsluþol
- Hlutverk vöru (skal koma fram ef ekki er augljóst á umbúðum).
- Innihaldslýsing
- Magn við pökkun.

- Nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila.
- Númer framleiðslulotu.
- Upprunaland (ef vara er flutt inn á EES svæðið).

Frávik og/eða athugasemdir voru skráðar í reiti á eftirlitseyðublaði og hvaða úrbætur eigi að fara fram ef við á. Eftirlitsskýrslur og bréf voru send til birgja dagana 7.-8. apríl ásamt bæklingi um markaðssetningu snyrtivara.

Í bréfi til birgja með frávik var greint frá niðurstöðum eftirlitisins, bent á hvaða reglugerðir gilda um snyrtivörur, hvaða vörur uppfylltu ekki kröfur um merkingar, ef við á, og að veittur væri frestur til úrbóta til ákveðinnar dagsetningar (um tveimur vikur eftir dagsetningu bréfs). Einnig kom þar fram að Umhverfisstofnun sé heimilt að beita tilteknum þvingunarúrræðum til að knýja á um úrbætur skv. efnalögunum og bent á að viðkomandi fyrirtæki hefði frest til ákveðinnar dagsetningar til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri sbr. 13. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993. Auk þess var bent á að fyrirtækjum væri velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar til að fá nánari upplýsingar og leiðir til úrbóta vegna frávika.

Í bréfi til birgja án frávika var greint frá niðurstöðum eftirlitisins, að Umhverfisstofnun geri engar athugasemdir, auk þess sem minnt var á gildandi reglugerðir um snyrtivörur.

3. Helstu niðurstöður

Í heildina voru 122 vörur skoðaðar hjá alls níu fyrirtækjum og var fjöldi vara í hverju fyrirtæki á bilinu fjórar upp í 38 (miðgildi = 8; meðaltal = 14). Fimm fyrirtækjanna voru frávíkalaus. Úrbóta var eingöngu þörf á 7 vörum eða 5,7% þeirra sem voru í úrtakinu, hjá alls fjórum fyrirtækjum. Algengustu frávikin voru að vara inniheldur bannað paraben (á við um fjórar vörur hjá þremum birgjum) og var það í öllum tilfellum isobutylparaben. Hvað bönnuð paraben varðar er leyfilegt að selja vörur sem innihalda þau (eldri birgðir) fram til 30. júlí n.k. og er því í raun ekki um frávík að ræða fyrr en eftir þá dagsetningu. Gerð var athugasemd við þetta innihaldsefni og fyrirtækinu gert að selja ekki þessar vörur eftir 30. júlí n.k. Önnur frávík voru að á umbúðir vantaði upplýsingar um ábyrgðaraðila innan Evrópska efnahagssvæðisins, geymsluþol, merkingu um að varan sé ekki ætluð 0-3 ára börnum, númer framleiðslulotu og að vara var ekki skráð/tilkynnt í snyrtivöruvefgátt ESB (CPNP vefgáttina). Gerðar voru kröfur til birgja um úrbætur á þessum merkingum og um skráningu í vefgáttina.

Páttur	Fjöldi	Hlutfall (%)
Fyrirtæki í úrtaki	9	
Fyrirtæki án frávíka	5	55,5
Snyrtivörur í úrtaki	122	
Snyrtivörur án frávíka	115	94,3
Snyrtivörur með frávík	7	5,7

Niðurstaða eftirlitsverkefnisins sýnir að lítið var um frávík frá gildandi reglugerðum. Öskudags- og hrekkjavökulitir sem fluttir eru inn frá Evrópu uppfylla nær undantekningarlaust kröfur gildandi snyrtivöru reglugerða. Frávikin voru flest á vörum sem fluttar eru inn frá löndum utan EES svæðisins. Í þeim fyrirtækjum virtist vera til staðar takmörkuð vitneskja um skyldubundnar merkingar umbúða og að skrá eigi snyrtivörur í snyrtivöruvefgátt ESB ef um fyrsta innfluttning inn á EES svæðið er að ræða.

Einn birgir með verslun sótti um framlengdan frest um tvær vikur til að sýna fram á úrbætur og var hann veittur. Þegar framlengdur frestur var liðinn kom í ljós að birginn hafði ekkert aðhafst í úrbótum á frávikum og óskaði hann eftir frekari framlengingu. Hann var veittur í ljósi þess að umræddur birgir sýndi loks fram á að hann ynni að útbótum og að seinkun væri af völdum þess að svör frá framleiðanda skiluðu sér seint.

Viðbrögð fyrirtækja við niðurstöðu eftirlits voru í nær öllum tilfellum jákvæð og samskipti og samvinna við Umhverfisstofnun góð. Stór hluti fyrirtækjanna leituðu til sérfræðings stofnunarinnar um nánari upplýsingar um kröfur sem gilda um snyrtivörur og leiðir til úrbóta þegar við átti.

Þegar fyrirtækin höfðu sýnt fram á úrbætur á frávikum var þeim sent bréf um málslok og að niðurstaða Umhverfisstofnunar væri sú að viðkomandi fyrirtæki hefði uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru og að

stofnunin geri ekki frekari athugasemdir. Málslok hjá fyrirtækjunum voru 28. – 30. apríl að undanskyldu því fyrirtæki sem fékk frest til að sýna fram á úrbætur. Málslok hjá því fyrirtæki voru 24. júní 2015.

29. júní 2015

Jóhanna Björk Weisshappel, verkefnisstjóri